

ÆTTARTALA

Húsfrú Lilju Ingibjargar Helgadóttir

Garði Ný Íslandi Man.

Samið hefir

K. Ásg. Benediktsson
í Júní mánuði 1919.

Ættartala K. P. G. Marteinson

Nöfn ættfeðra og ættmæðra.

1. Sigurður Fáfnisbani og Brynhildur Buðladóttir
2. Áslaug Sigurðardóttir S. K. Ragnars Loðbrókar Sigurðssonar, konungs á Norðurlöndum og Frakklandi. Fyrri kona Ragnars konungs var þora borgarhjörtur Herraúðsdóttir jarls á Gautlandi.
3. Björn Ragnarsson konungur Svía. (c. A.D. 786)
4. Áslákur Bjarnarson.
5. Hróaldur hryggur Ásláksson.
6. Björn byrðusmjör Hróaldsson.
7. Þórður Bjarnarson, landnámsmaður á Höfða á Höfðaströnd, átti Þórgerði dóttir Þórðar hímu og Freygerðar Kjarvaldsdóttir Íra konungs. Dóttir þeirra.
8. Herdís Þorðardóttir átti Atla ramma Eifífsson arnar landnámsmanns í Laxárdal ytra Skagafirði, Atlasonar Bárðarsonar í Ál. Dóttir þeirra.
9. Þórlaug Atladóttir átti Guðmund ríka á Möðruvöllum, Eyólfssonar, Valgerðarsonur og Einars Auðunssonar rotins í Saurbæ í Eyafirði, er átti Helgu Helgadóttir magra í Kristnesi Eyvindssonar Austmanns og Raförtu Kjarvaldsdóttir Íra konungs. Sonur Guðmundar og Þórlaugar var:
10. Eyjólfur halti Guðmundsson á Möðruvöllum, átti Ingvildi Síðu-Hallsdóttir á Þvottá, Þorsteinssonar á Hofi í Álftafirði Böðvarssonar hvíta á Hofi landnámsmanns. Sonur Eyjólfss og Ingvildar.
11. Guðmundur Eyjólfsson. Dóttir hans.

12. Þuríður Guðmundsdóttir, átti Guðmund. Sonur þeirra.
13. Þorvaldur Guðmundsson. Sonur hans.
14. Guðmundur dýri Þorvaldsson á Bakka ý Yxnadal, orðlagður kvennamaður. Auðugur höfðingi. Dó í Þingeyra klaustri 1212 gamall. Kona hans var Arndís Pálsdóttir prests augða í Reykjurholti. Sonur þeirra.
15. Einar Guðmundsson. Sonur hans.
16. Eiríkur Einarsson. Sonur hans.
17. Brandur Eiríksson á Höfða Þingeyrarþing.
18. Oddný Brandsdóttir átti Rafn. Sonur þeirra.
19. Steinþór Oddnýarson. Dóttir hans.
20. Oddný skyrkerling Steinþórsdóttir átti Þorstein prest Bergsson. Dóttir þeirra.
21. Elín Þorsteinsdóttir átti Ísleif beltislausu, norrænan aðalsmann. Dóttir þeirra.
22. Þóra brók Ísleifsdóttir í Byrgi í Kelduhverfi, giftist ekki en átti dóttir með einhverjum Magnúsi. Þóra brók var skörungur í starfsemi, en ættar-dramb fylgdi henni og dóttir hennar, er hét
23. Elín Magnúsdóttir, kölluð Elín blásokka eða bláhosa. Hún átti Ara Sigurðsson í Garði í Kelduhverfi. Þau voru févana og fluttu inn í Eyafjörð á snæri Einars ábóta á Munkaþverá, sem var albróðir Þóru brókar. Fyrsta haust þeirra í Eyafirði fæddist þeim sonur er heitin var
24. Jón Arason sem síðar varð biskup á Hólum í Hjaltadal. Þetta var haustið 1484. Jón var kosin biskup 1523, vígður 1524, tekinn af lífi í Skálholti 7 November 1550, ásamt sonum sínum Ara og Birni. Barnamóðir Jóns biskups var Helga Sigurðardóttir, Barna-Sveinbjarnarsonar prófasts í Múla í Aðaldal Þingeyrarþingum. Hann meðgekk faðerni á 50 börnum. Helga hafði haldið við presta áður en Jón Arason tók hana. Börn þeirra voru þessi:
 1. Ari lögmaður í Hvassafelli.
 2. Björn prófastur á Melstað.
 3. Magnús prestur á Grenjaðarstað.
 4. Sigurður prófastur ”
 5. Þórunn á Grund
 6. Helga í Dal undir Fjöllum.
 7. Þuríður, sumir halda hana ekki dóttir Helgu. Ætt þessa leiðir:
25. Björn prófastur á Melstað. Barnamóðir hans var Steinunn Jónsdóttir frá Svalbarði Magnússonar. Sú tilkomu mesta kona, sem uppi var á sinni öld. Björn og

Steinunn áttu mörg börn, og eru fjölmennar ættir frá þeim komnar. Sonur þeirra.

26. Jón Björnsson sýslumaður á Holtastöðum og Grund í Eyafirði. Hann átti Guðrúnu dóttir Árna ríka sýslumanns á Hlíðarenda Gíslasonar. Þau Jón áttu mörg börn. Dóttir þeirra.
27. Halldóra yngri Jónsdóttir, átti Þorvald Ólafsson bróðir Halldórs lögmanns Ólafssonar föður Margrétar sem átti M. Brynjólf biskup Sveinsson í Skálholti. Sonur Halldóru og Þorvalds:
28. Daði Þorvaldsson í Galtartungu átti Steinunni Pétursdóttir frá Ballará, komnar af Ásgarða - Teiti. Dóttir Daða og Steinunnar var:
29. Hildur Daðadóttir, átti Svein gamla Guðnason á Þóreyarnúpi, merkis Karl. Sonur þeirra.
30. Björn bóndi í Valdarási, átti Steinunni Jónsdóttir. Sonur þeirra.
31. Guðmundur bóndi á Auðólfstöðum. Með bryjar hér Auðólfstaða ætt, sem nú er afar fjölmenn. Guðmundur átti Margarétu Björnsdóttir bónda í Geitafelli Árnasonar. Sonur þeirra.
32. Björn bóndi Guðmundsson á Auðólfstöðum, átti Ingibjörgu Steinsdóttir, Steinssonar, Jónssonar bónda á Óslandi. Jón var bróðir Steins biskups á Hólum, Jónssonar prests Þorgeirssonar. Dóttir Björns og Ingibjargar.
33. Ásta Björnsdóttir alsystir Ólafs á Auðólfstöðum föður Arnljóts prests á Bæglisá. Ásta átti Jón, líklega af Blöndals ættinni. Sonur þeirra.
34. Helgi bóndi á Neðra-Skúfi og Þverá í Norðurárdal. Kona Helga, Anna Rafnsdóttir. Móðir Önnu og móðir Brynjólfs gamla, faðir Magnúsar lögmanns í N. Dakota, eru sagðar systur. Dóttir Helga og Önnu:
35. Lilja Ingibjörg fædd 12. Maí 1863 á Þverá í Norðurárdal. Gift Guðmundi Marteinsyni í Garði Hnausabygð, og er seinni kona hans. Guðmundur í Garði er komin frá Gísla presti gamla og sterka á Desjamýri, föður Árna í Höfn í Borgarfirði eystra. En synir Árna voru þeir Hafnarbræður: Hjörnleifur og Jón, sem styrkvastir menn voru um aldamótin 1800 á Austurlandi og má ské á öllu landinu. Börn þeirra Lilju Ingibjargar og Guðmundur Marteinsonar eru:
36. Jón Edwin Marteinson átti Laufey Lára Fjeldsted. Sonur þeirra.
37. John Kristjan Marteinson átti Doreen Rhoda Harrington. Börn þeirra voru þessi:
38. 1. David John Marteinson
2. Peter George Marteinson